



# Umhverfisganga um gamla Austurbæinn

Fundur í Spennistöðinni fimmtudaginn 28. mars kl. 17

Fimmtudaginn 25. október stóðu Íbúasamtök Miðborgar og verkefnastjóri Miðborgarstjórnar fyrir Umhverfisgöngu um hverfishluta sem markast af Laugavegi og Bergþórugötu og Barónsstíg og Snorrabraut. Umhverfisgöngur eru tilraunaverkefni en þetta eru göngur um afmörkuð svæði eða götur í hverfinu og er tilgangur þeirra að vera samráðsvettvangur borgaryfirvalda við íbúa til að bæta umhverfi þeirra. Íbúum á ofangreindu svæði gafst kostur á að koma með ábendingar um það sem betur mætti fara.



Á fundinum í Spennistöðinni verður farið

yfir ábendingar íbúanna sem og það sem hefur nú þegar verið lagfært eftir gönguna. Markmið fundarins er fyrst og fremst að ræða það hvernig við getum í sameiningu bætt og fegrað umhverfið.

Fundurinn er opin öllum íbúum á svæðinu en mjög mikilvægt er að fulltrúar frá öllum húsfélögum í hverfishlutanum mæti.

Spennistöðin er félags- og menningarmiðstöð miðborgarinnar og stendur sunnan við Austurbæjarskóla, fyrir ofan bílastæðið.

**Stjórn ÍMR og verkefnisstjóri miðborgarmála**



# Umhverfisganga um gamla Austurbæinn

Fundur í Spennistöðinni fimmtudaginn 28. mars kl. 17

Fimmtudaginn 25. október stóðu Íbúasamtök Miðborgar og verkefnastjóri Miðborgarstjórnar fyrir Umhverfisgöngu um hverfishluta sem markast af Laugavegi og Bergþórugötu og Barónsstíg og Snorrabraut. Umhverfisgöngur eru tilraunaverkefni en þetta eru göngur um afmörkuð svæði eða götur í hverfinu og er tilgangur þeirra að vera samráðsvettvangur borgaryfirvalda við íbúa til að bæta umhverfi þeirra. Íbúum á ofangreindu svæði gafst kostur á að koma með ábendingar um það sem betur mætti fara.

Á fundinum í Spennistöðinni verður farið

yfir ábendingar íbúanna sem og það sem hefur nú þegar verið lagfært eftir gönguna. Markmið fundarins er fyrst og fremst að ræða það hvernig við getum í sameiningu bætt og fegrað umhverfið.

Fundurinn er opin öllum íbúum á svæðinu en mjög mikilvægt er að fulltrúar frá öllum húsfélögum í hverfishlutanum mæti.

Spennistöðin er félags- og menningarmiðstöð miðborgarinnar og stendur sunnan við Austurbæjarskóla, fyrir ofan bílastæðið.

**Stjórn ÍMR og verkefnisstjóri miðborgarmála**

